

## 2.7 Regla Pýþagórasar

Reglu Pýþagórasar ættu allir að kunna:

Reglan segir einfaldlega að:

„summa skammhliða rétthyrnds þríhyrnings í 2. veldi er jöfn langhliðinni í 2. veldi“.



Stærðfræðilega er sagt:

Ef hornið C = 90° í þríhyrningnum ABC, þá gildir:

$$a^2 + b^2 = c^2$$



Video 22 Pýþagóras


Reglan er yfirleitt sett fram á þennan hátt, þ.e. með langhliðina merkta sem c. Það er þó ekki sjálfgefið.

Regluna er hægt að sanna á marga vegu. En við skulum láta nægja að skoða eina þægilega leið til þess.

### Sönnun

*Sönnun sem þarf að kunna.*

Tökum fjóra rétthyrnda þríhyrninga, alla eins. Röðum þeim upp þannig að lengri skammhlið eins liggur í beinu framhaldi af styttri skammhlið annars. Þá liggja langhliðar allra inn í myndina og mynda þar ferning. Við skulum nú reikna flatarmál myndarinnar á tvo vegu og bera niðurstöður þess saman.



Video 23 Pýþagóras  
- Sönnun



Flatarmál 1.

Almenn formúla fyrir flatarmál þríhyrnings er:  $F = \frac{g \cdot h}{2}$

Fyrir rétthyrnda þríhyrninga getum við skrifað:  $F = \frac{a \cdot b}{2}$

$$F = \frac{g \cdot h}{2}$$

Flatarmál fjögurra þríhyrninga eins og eru á myndinni er þá:

$$F = \frac{4(a \cdot b)}{2}$$



$$F = 2(a \cdot b)$$

$$F = 2ab$$

Flatarmál litla ferningsins innan við þríhyrningana er  $c^2$ .

Leggjum saman og fáum þannig flatarmál allrar myndarinnar:

$$F = 2ab + c^2$$

Flatarmál 2.

Ef við lítum á myndina sem einn stóran ferning með hliðarlengdina ( $a + b$ ) getum við reiknað flatarmál myndarinnar í einni aðgerð.

Formúla fyrir flatarmál fernings er:


$$F = l \cdot b$$

Flatarmál allrar myndarinnar er:

$$F = (a + b)^2$$

$$F = (a + b)^2$$

$$F = a^2 + 2ab + b^2$$



Nú höfum við reiknað flatarmál myndarinnar á tvo vegu.

Þær niðurstöður hljóta að vera jafngildar. Stillum þeim því upp hvorri á móti annari:

Flatarmál 2 = Flatarmál 1 (því þetta er jú sama myndin).

$$a^2 + 2ab + b^2 = 2ab + c^2$$

Ef við drögum  $2ab$  frá báðum hliðum jöfnunnar stendur eftir:

$$a^2 + b^2 = c^2$$

Þar með höfum við sýnt fram á og sannað að summa skammhliðanna í 2. veldi er jöfn langhliðinni í 2. veldi.



Video